



## Fundargerð stjórnar SOS nr. 328

**Staður:** Fundurinn er haldinn í fjarfundarbúnaði.

**Dagsetning og tími:** 16. október kl. 16:30.

Mætt voru í fjarfundarbúnaði Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn í fjarfundarbúnaði starfsmaður SASS, Bjarni Guðmundsson.

### 1. Fjárhagsáætlun SOS fyrir 2025

Farið yfir drög að ársskýrslu, fjárhagsáætlun og gjaldskrá. Stjórn samþykkir tillögurnar og vísar til aðalfundar.

Farið yfir stöðu á vinnu við minnisblað lögfræðings um framtíðarmöguleika varðandi sölu Kirkjuferjuháleigu.

### 2. Undirbúningur dagskrár aðalfundar SOS

Aðalfundur verður haldinn 1. nóvember nk. í tengslum við ráðstefnu SASS í Hveragerði. Formaður fór yfir efni aðalfundar og drög að dagskrá og hún samþykkt.

### 3. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fyrirhugað er að næsti fundur stjórnar verði haldinn miðvikudaginn 30. október kl. 20:00.

Fundi slitið klukkan 17:05.